

Nefndasvið Alþingis — umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Dags. 7.12.2010
Tilv. 012/9805

**Varðar: Frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga
Þskj. 130 – 121. mál**

Veðurstofa Íslands fagnaði í bréfi dags. 27. maí sl. framkomnu frumvarpi til laga um grunngerð landupplýsinga. Hingað til hefði skort stefnumótun í þessum málaflokki og væri innleiðing INSPIRE-tilskipunarinnar stórt skref fram á við í þeim efnum. Vill Veðurstofan ítreka þessa afstöðu sína nú þegar frumvarpið er endurflutt með lítiðháttar breytingum.


Veðurstofan vill ennfremur ítreka fyrri athugasemdir sínar við frumvarpið:

Í 1. gr. segir: „Markmið laga þessara er að byggja upp og viðhalda grunngerð landupplýsinga á vegum stjórnvalda ...“. Skilgreiningu á *grunngerð landupplýsinga* er að finna í 3. gr.: „Tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla, vinna úr, varðveita, miðla og auka nýtingu á landupplýsingum“.

Veðurstofa Íslands aflar, vinnur úr og varðveitir gögn um náttúrufar, þ.m.t. landbreytingar, sbr. lög nr. 2008/70. Það er mikilvægt að skýrt sé, með hliðsjón af þessu, hvað átt er nákvæmlega við í 16. gr. en þar segir að Landmælingum Íslands (LMÍ) sé falið að hafa umsjón með uppbyggingu á grunngerð landupplýsinga á Íslandi.

Ekki kemur fram í lagafrumvarpinu hver eigi að hafa með höndum eftirlitshlutverk með þeim þáttum sem það tekur til. Hér er um mikilvægt hlutverk að ræða sem þyrfti að tiltaka sérstaklega í lagatextanum. Í 9. gr. segir að LMÍ skuli hafa umsjón með framkvæmd laganna, en LMÍ er ennfremur helsti þjónustuaðili um grunngerð landupplýsinga. Á þessu er hnykkt í 16. gr. Í þessu ljósi telur Veðurstofan það skilvirkast, eðlilegast og í bestu samræmi við góða stjórnsýslu að þessu hlutverki verði komið í hendur annarra aðila en LMÍ.

Virðingarfyllst,



Hafdís Karlsdóttir
staðgengill forstjóra VÍ